**231. fundur íþrótta- og tómstundanefndar**
**haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn 27. apríl 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**
Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður, Sævar Þór Ríkarðsson aðalmaður og Viðar Kristinsson varamaður.
**Embættismenn:**
Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Elísabet Samúelsdóttir boðaði forföll og mætti Viðar Kristinsson í hennar stað. Karen Gísladóttir boðaði forföll, Gylfi Ólafsson mætti ekki og kom enginn í þeirra stað. Dagný Finnbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri HSV, sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Þarfagreining aðildarfélaga HSV og bæjarstjórnar fyrir árin 2022-2027 (uppbyggingaráætlun) - 2021080069**

Lagðar fram umsóknir aðildarfélaga HSV um uppbyggingarsamninga við Ísafjarðarbæ.

*Íþrótta- og tómstundanefnd leggur til við bæjarstjórn að gerðir verði samningar við þau sjö félög sem sóttu um uppbyggingarstyrki. Upphæð í hvert verkefni verði kr. 1.714.285.*
*Nefndin hvetur nýja bæjarstjórn að til að hækka upphæðina í uppbyggingarsjóð þar sem kostnaður á bak við verkefni hefur hækkað mikið sl. ár.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:14**

| | |
|---|---|
| Guðný Stefanía Stefánsdóttir | Sævar Þór Ríkarðsson |
| Viðar Kristinsson | Hafdís Gunnarsdóttir |